

Föstudaginn 23. október, 2009 - Aðsent efni

Skattur á séreignasparnað

Eftir Pétur H. Blöndal

Eftir Pétur H. Blöndal: "Ekki þyrfti að skattleggja löskuð heimili og fyrirtæki sem dýpkað getur kreppuna og milda mætti niðurskurð sem skaðað gæti þjóðina til framtíðar."

Fjármagn lífeyrissjóðanna er óskattað þar sem iðgjöld launagreiðenda hafa ætíð verið frádráttarbær frá tekjuskatti fyrirtækja og iðgjald sjóðfélagsans hefur verið frádráttarbært nema fyrstu 7 árin eftir að staðgreiðslan var tekin upp 1989 en þá átti stórhækkaður persónuafsláttur að ná yfir hann. Þannig séð „eiga“ ríkissjóður og sveitarfélög hluta af eignum lífeyrissjóðakerfisins en ekki er einfalt að meta þá eign. Hlut sveitarfélaganna er tiltölulega einfalt að meta því útsvar er reiknað hlutfallslega og er það 13,1% af eign lífeyrissjóðanna. Hlut ríkisins er miklu flóknara að meta þar sem ríkið greiðir útsvar fyrir þá skattþegna sem eru undir skattleysismörkum (mörkin eru núna rúm 113 þkr. á mánuð, 118 þkr. með 4% í lífeyrissjóð). Það er ekki fyrr en við 175 þkr. tekjur á mánuði sem ríkið fer að sjá tekjur til sín frá skattþeginum.

Sameignasjóðir

Hugmyndir um að skattleggja inngreiðslur í lífeyrissjóð með einhverjum hætti er snjöll við núverandi aðstæður eftir hrun. Hún kemur ekki við pyngju launþegans og kemur ekki fram fyrr en eftir mörg ár, þegar þjóðin hefur væntanlega rétt úr kútnum. Hún hefur hins vegar þann ókost að skipta þarf réttindum lífeyrissjóða í tvennt. Sköttuð réttindi og ósköttuð. Flækjustigið yrði alveg við sársaukamörk og leysa þarf vandamál um tilflutning milli kynslóða, sem á sér stað innan lífeyrissjóðanna. Þá væri næsta skref að skattleggja alla eign lífeyrissjóðanna. Það getur verið félagslega óframkvæmanlegt og er alltof stórt skref.

Félagslegu vandamálin koma upp ef skatturinn yrði reiknaður sem flöt prósentu á inngreidd iðgjöld eða alla eign lífeyrissjóðs. Myndu þeir sjóðfélagar sem koma til með að fá lífeyri sem er undir frítekjumarki í reynd borga skatt þótt þeir væru skattfrjálsir í núverandi kerfi. Það er félagslega illfært þar sem hér er um fólk með lágar ævitekjur að ræða.

Séreignasparnaður

Hægt er að fara aðra leið sem er séreignasparnaðurinn. Hann hefur meira yfirbragð venjulegs sparnaðar og er algerlega sér á báti. Flestir hugsa hann sem viðbótarlífeyri fyrstu árin eftir að þeir fara á lífeyri til bæta stöðuna því lífeyririnn er yfirleitt nokkuð lægri en tekjur viðkomandi. Einstaka maður kann að hafa hugsað hann til að geta farið fyrr á lífeyri, láta séreignasparnaðinn brúa bilið þar til lífeyrir lífeyrissjóðsins og Tryggingastofnunar taka við (67 ára). Hjá öðrum en síðasta hópnum kemur séreignalífeyririnn til viðbótar lífeyri frá lífeyrissjóði og Tryggingastofnun og er því umfram skattleysismörk. Þess vegna kæmi flatur skattur jafnhár staðgreiðsluhlutfallinu (núna 37,2%) á alla séreignina og framtíðariðgjöld eins út fyrir sjóðfélagann því eignin (ásamt vöxtum og framtíðariðgjöldum) yrði sköttuð um sama hlutfall þegar eignin greiðist út. (Að því gefnu að skattprósentan haldist!) Eftir breytinguna yrði eignin, væntanleg iðgjöld, vextir og seinna útgreiðslan alltaf 62,8% af þessum þáttum fyrir skatt eins og þeir munu þróast að óbreyttum reglum. Sjóðfélaginn nyti þess að

fjármagnstekjur lífeyrissjóða væru óskattaðar. Taka mætti tillit til þeirra sem fá séreignalífeyri undir skattleysismörkum með því að þeir fái á þeim tíma ef svo stæði á, endurgreidda þessa staðgreiðslu.

Efnahagsleg áhrif

Í séreign verða líklega um 310 milljarðar króna um næstu áramót og árleg iðgjöld verða um 35 milljarðar króna. Skattur til ríkisins af þessari eign gæfi ríkissjóði 75 milljarða króna í eitt skipti og inngreidd iðgjöld gæfu ríkinu árlega um 8 milljarða. Sveitarfélögin fengju 40 milljarða af eigninni og 4 milljarða árlega af iðgjöldunum. Lausnin bætir stöðu ríkissjóðs og sveitarfélaga umtalsvert og flýtir uppbyggingu hans.

Útfærsla

Til þess að koma í veg fyrir röskun á fjármálum séreignasjóðanna eða hindra hana algerlega mætti heimila þeim að gefa út stöðluð skuldabréf, t.d. kúlubréf með mismunandi gjalddögum og fastri upphæð (1 mkr.) sem eru í takt við áætlaðar útgreiðslur þeirra. Ávöxtun yrði sú sama og er á lífeyriseigninni. Þessi bréf yrðu framseljanleg og gætu bæði ríki og sveitarfélög selt þau á markaði ef þau vantaði lausafé. Skuldabréfamarkaðurinn yrði ríkari með svona tryggum skuldabréfum. Þessi lausn kæmi því ekkert við starf séreignasjóðanna né snerti hún neitt réttindi sjóðsfélaga. Ríki og sveitarfélög yrðu í reynd séreignasparendur hjá séreignasjóðunum.

Þessi lausn mundi snúa algerlega við stöðu ríkis og sveitarfélaga á því erfiða ári 2010 og myndi gera meira en að ná markmiðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ekki þyrfti að skattleggja löskuð heimili og fyrirtæki sem dýpkað getur kreppuna alvarlega og milda mætti niðurskurð í viðkvæmum þáttum velferðarkerfisins sem skaðað gæti þjóðina til framtíðar. Hún mun einnig léttu þann grimma niðurskurð og skattlagningu sem fyrirséð er árið 2011. Auðvitað kemur þetta fram í lægri skatttekjum eftir 10 eða 20 ár en þá munum við Íslendingar væntanlega vera komin yfir þennan erfiða hjalla í kjölfar bankahrunsins. Þessi dulda eign ríkisins verður þannig notuð til að brúa gjána til bjartrar framtíðar.

Höfundur er þingmaður.